



Pétur Eggerz, 7.4 og 10.7 1964

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Pétur Eggerz – Utanríkismál

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-30, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Íbúi (a 10. júní '64)

Einkamál.

Pétur Eggerj

Gesandter

Bad Godesberg

Körnerstraße 5

7. apríl 1964.

Góði vinur,

Seinast þegar við töluðum saman á skrifstofu þinni í dómsmálaráðuneytinu, þá tókst þú mér mjög vinsamlega, eins og jafnan endranær, og sagðir mér að ég mætti skrifa þér hvenær sem mér sýndist.

Samtal okkar allt, svo og sú vinátta, sem mér fannst anda frá þér í minn garð, orkaði þannig á mig, að ég gekk glaður af þínnum fundi. Þetta var í mars 1963, og hér er mitt fyrsta bréf síðan þessu samtali okkar lauk.

A bernskuheimili mínu var alltaf talað um pólitík. Þau nöfn, sem ég heyrði tilðast nefnd þar, voru Benedikt Sveinsson, Bjarni frá Vogi, Jakob Möller. Ég drakk það í mig með móðurmjólkinni, að þessir menn, ásamt föður mínum, héldu bezt á málstað Íslands og ynnu með eldlegum áhuga að því að fera Íslandi það sjálfstæði, sem þjóðin óskaði eftir. Mér hefur oft fundist eins og ég hafi fæðst inn í þann pólitísk flokk, sem þessir menn voru í, svo sterkt voru þessi áhrif, sem ég andaði að mér frá blautu barnsbeini. Menn koma og menn fara og nýjir menn koma í þeirra stað. Þegar þú hófst afskipti af stjórnsmálum, þá var það eðlileg afleiðing af því pólitísku umhverfi, sem ég var alinn upp í, að ég fylgdi þér að málum. Síðam hef ég greitt Sjálfstæðisflokknum atkvæði mitt, en það atkvæði hefur af þeim sögulegu ástæðum, sem greinir frá hér að ofan, verið bundið við þína persónu.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka virkan þátt í pólitík. Hinsvegar vildi ég gjarnan starfa í hinni nýju íslenzku utanríkisþjónustu, sem varð til vegna þeirrar sjálfstæðisbaráttu, sem feður okkar m.a. háðu. Þegar ég gekk í utanríkisþjónustuna, þá var það meir í mínum augum heldur en að taka að sér venjulegt starf, það var hugsjón. Þessu starfi hef ég síðan helgað allt mitt líf.

Herra forsætisráðherra Bjarni Benediktsson,
Háuhlíð 14,
Reykjavík.

Hr.fors.ráðh. Bjarni Benediktsson
7.4.1964.

Ég er að mörgu leyti ánægður með dvölinu hér í Þýzkalandi. Samvinna okkar Magnúsar V. Magnússonar er með slíkum ágætum, að betri gæti hún ekki verið. Þess vegna óska ég að dvelja hér þangað til ég verð skipaður forstöðumaður sendiráðs.

Vegna hinnar miklu reynzlu þinnar í sambandi við utanríkismál, langar mig til þess að vekja athygli þína á einu atriði, sem skiptir mig persónulega miklu máli.

Eins og þér er kunnugt um, þá eru diplomatar Þjóðanna tiltölulega fámennur hópur. Þessir menn hittast alltaf aftur og aftur. Carriere diplomatar kynnast í einni borg sem sendiráðsritrarar, hittast aftur í annari borg sem sendiráðunautar og enn síðar sem ambassadorar. Þessi fámenni diplomatahópur er eins og þjóðfélag út af fyrir sig, byggt upp af mönnum, sem eiga það sameiginlegt að vera í þágu heimlandsins, útlendingar um allan heim. Pannig gæti það hent íslenzkan diplomat að ganga undir læknisrannsókn á ensku, liggja fyrir dauðanum á þýzku, hressast nógu mikið til þess að vera skorinn upp á frönsku. Allt er þetta líf með öðrum blæ heldur en þeir eiga að venjast, sem búa í heimalandinu. Í þessu litla þróngu þjóðfélagi diplomatanna ríkja óskrifuð lög alveg eins og í öðrum þjóðfélögum. Ein af hinum ríkjandi reglum þessa litla þjóðfélags er það, að þeir, sem aðeins eru viðurkenndir með hálfvelgju af heimalandinu, eru viðurkenndir með semingi af diplomötunum.

Smásaga, sem gerðist í Vínarborg nýverið, lýsir þessu glöggt. Við sáum saman að drykkju, ambassador Noregs (Oftedal), ambassador Finnlands (Wartiovaara) og ég. Við þekkjamst vel, þar sem við unnum á sama tíma við sendiráðin í Washington sem sendiráðunautar. Nú eru þessir tveir menn ambassadorar fyrir lönd sín í Austurríki og jafnframt fulltrúar við Kjarnorkumálastofnunina. Við vorum að tala um finnskan diplomat, sem við allir þekktum, og er nokkuð sérkennilegur maður. Segir þá finnski ambassadorinn: "Æ, ég veit ekki alminlega hvernig ég á að lýsa honum, en hann er svona maður, sem utanríkisráðuneytið vill ekki hækka." Betri lýsinagr var ekki þörf, öllum var okkur kunnugt um, að það er tilhneicing hjá diplomötunum til þess að álykta, að sá, sem ekki hækkar reglubundið, sé undirmálsfiskur. Síðan hefur þriðji kunningi minn bæzt í hópinn

Hr.fors.ráðh. Bjarni Benediktsson
7.4.1964.

parna í Vín. Það er Lagerfeldt, fastafulltrúi Svía hjá Evrópuráðinu, sem nýverið hefur verið skipaður ambassador Svíu í Austurríki. Svíar hafa tilnefnt annan mann í hans stað, ambassador Lindh, sem er bæði fastafulltrúi hjá Evrópuráðinu og jafnframt fulltrúi þeirra hjá Sameiginlega Markaðnum í Brüssel.

Ég er nú orðinn doyen fastafulltrúanna í Strasbourg, og hef séð þá margar koma og fara. Ég held, að það hafi verið furðu algengt, að þáttökulöndin hafi gert fastafulltrúana að ambassadorum, þegar þeir voru fluttir frá Strasbourg. Ég hef unnið með þremur þýzkum fastafulltrúum, sá fyrsti var gerður að ambassador í Kaupmannahöfn og númer tvö að ambassador í Dublin, en sá þriðji er enn í Strasbourg.

Eins og að líkendum lætur, þá hef ég jafnmikinn áhuga fyrir því að verða forstöðumaður sendiráðs eins og jafnaldrar mírir í íslenzku utanríkisþjónustunni, sem eru orðnir það fyrir löngu síðan. Ég nefni aðeins eitt dæmi, bekjarbróðir minn Henrik Sv. Björnsson var gerður ambassador í London árið 1961, en sama ár var mörgum öðrum störfum á vegum utanríkisþjónustunnar ráðstafað. Ég er fullur af velvilja gagnvart íslenzku utanríkisþjónustunni eins og hlýtur að leiða af því, sem segir í upphafi þessa bréfs. Ég get þessvegna mætavel skilið, að oft muni erfitt að ráðstafa sendiráði og mörg sjónarmið hljóti að koma til greina. En hafi svo staðið á, að ekki hafi verið hægt að veita mér sendiráð um svipað leyti og jafnöldrum mínum, þá hefði mér fundist eðlilegt, að mér hefði verið gefin sú bráðabirgðalausn að veita mér ambassadorstítill og ambassadorslaun. Slíkur titill myndi einungis vera miðaður við fastafulltrúa-störf míni á sama hátt og núverandi sendiherratitill og því ekki valda neinum árekstri eða misskilningi, en hefði hinsvegar varnað því, að ég hefði verið settur í það skakka ljós gagnvart starfsfélögum mínum, að ég væri einhver annarsflokk starfsmaður. Vænst hefði mér þótt um það, ef þessi bráðabirgðalausn hefði verið látin í té árið 1961, þegar að hinum miklu breytingar voru gerðar á utanríkisþjónustunni.

Það situr ekki á mér að hafa orð á hæfileikum mínum eða reynzlu, slikt væri ósmekklegt.

Hr.fors.ráðh. Bjarni Benediktsson
7.4.1964.

En mig langar til þess að segja þeim það til verðugs hróss, sem mest hafa reiðst mér í utanríkisþjónustunni, að þeir hafa aldrei borið brigður á hæfni mína sem starfsmanns, enda þó einhverju kunni að hafa valdið, að hrós þeirra lá þegar fyrir skriflegt.

Af langri lífsreynzlu í þessu starfi er mér það fyllilega ljóst, að hvergi finnast betri klakstöðvar fyrir hégómaskap heldur en í heila diplomsins, og hvergi er meiri hætta á að verða steinrunninn gerfimaður heldur en einmitt í þessu starfi og einmitt þessvegna vil ég gera grein fyrir því hversvegna ég sækist eftir þessari bráðabirgðalausn þangað til ég verð skipaður forstöðumaður sendiráðs. Ástæðurnar eru tvær.

I fyrsta lagi, þá hef ég starfað í utanríkisþjónustunni í 22 ár og oft haft með höndum mjög ábyrgðarmikil störf, stjórnað helztu sendiráðum Íslands samanlagt árunum saman sem settur sendifulltrúi. Það er mér innri þörf að fá viðurkenningu á þessu starfi. Ef að mér væri veittur ambassadorstitill, þá fyndist mér sem með því vildi utanríkisþjónustan segja: Við vitum, að þú ert hæfileika maður, en við höfum ekkert sendiráð fyrir þig eins og er, þessvegna gerum við þig að ambassador, svo að samverkamönnum þínum megi verða ljóst, að við teljum þig fyrsta flokks starfsmann.

I öðru lagi, þá hef ég gefið utanríkisþjónustunni alla starfskrafta mína óskipta, aldrei haft bitling, aldrei þegið aukapóknun. Ég er eignalaus maður og sækist ekki eftir efnum. En ég óska eftir því að hafa sömu aðstöðu til þess að búa í haginn fyrir börn mín og konu, eins og þeir jafnaldrar mírir í íslenzkri utanríkisþjónustu, sem þegar eru komnir á ambassadorslaun.

Klukkan er orðin margt og uppskeran er ekki komin í hús. Ég varð fimmtugur í maí og prátt fyrir 22ja ára starf í utanríkisþjónustunni, þá er starf mitt ekki ennþá komið á fastan grundvöll. Ég dvaldi í Brüssel um páskana. Þegar ég kom tilbaka, þá lánaði Magnús mér Morgunblaðið, þar sem skýrt er frá því, að skipaður hafi verið nýr forstöðumaður við sendiráðið í Stokkhólmi.

Hr.fors.ráðh. Bjarni Benediktsson
7.4.1964.

Ef að búið hefði verið að koma á ofangreindri bráðabirgðalausn, þá hefði mér ekki orðið bilt við þessa frétt.


Ef að þér finnst að þessi greinagerð míni sé byggð á sanngirni og rökum, þá læt ég þá ósk í ljósi við þig, að þú veitir mér brautargengi til þess að koma ofangreindri bráðabirgðalausn um kring. Enda þó mál þessarar tegundar heyri undir utanríkisráðuneytið, þá þykir mér trúlegt, að þau séu rædd í ríkisstjórninni.

Ég hef þá trú, að þú sért svo sterkur í ríkisstjórninni, að engan langi til þess að ganga á móti óskum þínum.

Mér þætti vænt um, ef að þú vildir við tækifæri senda mér línu.

Við hjónin sendum þér og þínu fólki beztu kveðjur,

Þinn einlægur,



Pétur Eggerz

Gesandter

Bal Godesberg

Körnerstraße 5

10. júlí 1964.

Einkamál.

Góði vinur,

Ég þakka bref þitt, dags lo. júní og þá vinsemð sem þú hefur sýnt mér. Það að búið er að hækka starfsheiti mitt er stórt spor í rétta átt. Ekki er þó það þýðingarminnst að búið skuli vera að rjúfa þá kyrstöðu sem verið hefur í kringum mig. Vænsta þykir mér þó um að mega eiga big að. Ingiborg kona mína biður mig að flytja þér kærar kveðjur og þakkir, því að hún hefur einnig tilfinningar í sambandi við þetta mál.

Að sjálfsögðu mun ég stefna að því efitr sem áður að verða forstöðumaður sendiráðs. Ég hef með bréfi dags.lo.p.m. látið þá hóflegu ósk í ljósi við utanríkisráðherra, að í sambandi við þessa starfsheitishækjun verði húsaleiga greidd fyrir mig ^{/eins} og hina fastafulltrúana two í íslenzku utanríkisþjónustunni. Ég hef þá haft í huga, að jafnvel þó þessi ósk yrði að raunveruleika, þá mundi eftir sem áður mjög mikill munur á launum forstöðumanna og mínum. En launin eru þó ekki aðalatriði í þessu máli þó mikilsverð séu, heldur hitt að "status" minn í utanríkisþjónustunni sé viðurkendur og virtur.

Það sem hér fer á eftir skrifa ég þér einungis til upplýsinga. Þykir betra að þú vitir um það með tilliti til þess sem framtíðin kann að fela í skauti sér.

Herra forsætisráðherra Bjarni Benediktsson,

Háuhlíð 14,

Reykjavík.

Pegar að ég kom heim árið 1959 átti ég viðræður við utanríkisráðuneytið. Af þeim leiddi meðal annars það, að ég var skipaður fastafulltrúi Íslands hjá "Íþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Ég hef haft ánægju af þessu starfi. Síðan réðist það að Viðskiptamálaráðuneytið ákvað að greiða mér DM 3,600 á ári fyrir þetta starf. Það best ég veit var þessu greiðzlu-fyrirkomulagi komið á án þáttöku en með fullri vitund Henriks Sv. Björnssonar ráðuneytisstjóra. Síðan hefur þessi greiðzla um nokkurra ára bil verið fastur liður í tekjum mínum. Í kringum áramótin bárust okkur starfsmönnum utanríkisþjónustunnar fréttir um launahækkun sem gladdi okkur alla. Í kjölfar þessarar fréttar barst mér bréf fra viðskiptamálaráðherra dags 1. febrúar 1964, þess efnis að vegna launahækkunar starfsmanna utanríkisþjónustunnar hafi verið ákveðið að fella niður ofangreinda greiðzlu til míni. Ekki er það þó aðalatriði þessa málss að dregin voru 300 DM á mánuði af launum mínum, heldur það sem hér fer á eftir.

Eftir að augu míni höfðu opnast fyrir þeirri staðreynd að leiðin að því takmarki að verða forstöðumaður sendiraðs myndi verða mér miklu torveldari en ég hafði ráðgert þegar að ég gekk í utanríkisþjónustuna, þá fór ég að leita að einhverri bráðabirgðalausn sem gæti annarsvegar gefið utanríkisráðuneytinu tækifæri til þess að ~~xxxx~~ viðurkenna "status" minn meðan ég væri láttinn bíða, og sem hinsvegar gerði mér og mínu fólk biðina léttbærari. Virtist mér sem þau tvö fastafulltrúastörf sem ég hef væru þolandi bráðabirgðalausn um takmarkaðann tíma, enda væri þá svo gengið fra starfsheiti og launakjörum að það svaraði til "status" míns í utanríkisþjónustunni. Starfsheitið er komið í lag fyrir þitt tilstilli, en eftir er hinn liðurinn.

Mér virðist sem utanríkisráðuneytið hafi ekki áttað sig á því að ég hef verið að leita að bráðabirgðalausn sem hæfði bæði því og mér um takmarkaðann tíma, því að bréfi sem ég skrifaði ráðuneytinu um þetta efni fyrir rösku ári síðan eða 27. mars 1963, hefur ekki verið svarað ennþá, þótt móttaka þess hafi verið viðurkend.

Ég hef eins og ég gat hér að ofan einvörðungu skrifað þér þetta til upplýsinga, en ekki til þess að láta í ljósi ósk um að þú skarist í leikinn. Það er mér mikilsvert að þér sé kunnugt um málavexti, ef að míni mál skyldu síðar koma til umræðu.

Ég sendi þér og þínu fólk fyrir þeim kveðjur og éskir,

Þinn einlægur

